

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS
21.09.2021 (#7 2021-2022)

Stjórnarfundur er haldinn kl. 19:30 á Zoom

Mættir eru **Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Jón Ágúst Gunnlaugsson, Hákon Hrafn Sigurðsson, Sædís Jónsdóttir og Hákon Jónsson**, starfsmaður sambandsins.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin er yfirfarin og samþykkt.

2. Uppskeruhátíð ÞRÍ

Fram fer umræða um uppskeruhátíð ÞRÍ. Tillaga borin fram um að halda hátíðina laugardaginn 23. október sem er samþykkt. Hákon Jónsson mun halda utan um verkefnið og útteila hlutverkum til stjórnarmanna.

3. Framtíð unglingsþríþrautar

Fram fer umræða um skipulag unglingsþríþrautar. Ljóst er að mikið átak þarf til að ná árangri með uppbyggingarstarf unglingsþríþrautar. Stjórn mun halda sérstakan fund um þetta málefni og boða ólíka hagaðila á þann fund. Vilji er til þess að fá aðila frá öðrum sérsamböndum sem hafa reynslu á uppbyggingu unglingsstarfs. Það er afstaða stjórnar að þessi vinna sé umfangsmikil og kalli á aðrar nálganir en áður og mögulega ráðningu verkefnastjóra í hlutastarf.

4. Ágreiningsmál

Upplýst er um stöðu sáttaviðræðna í ágreiningsmálum ÞRÍ.

5. Dómaranámskeið World Triathlon 6.-7. nóvember 2021

Fram fer umræða um fyrirhugað dómaranámskeið WT. Fyrirhugað er að auglýsa námskeiðið þar sem það féll niður í fyrra en mikil eftirspurn var eftir námskeiðinu. Gera má ráð fyrir að námskeiði verði styrkt af WT og kostnaður sambandsins því óverulegur.

6. Breytingar á reglum

Rætt um mikilvægi þetta að ráðast í heildarendurskoðun á lögum sambandsins fyrir næsta þríþrautarþing.

7. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir

Fundi slitið kl. 18.40